

BRÁÐABIRGÐALÖG

32

14. júní

um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi gjört samninga við Friedrich Karl Lüder verkfræðing, Kiel, Þýzka-landi, um vinnslu hraunefnis í landi kaupstaðarins, en slík vinnsla hefur í för með sér atvinnurekstur hér á landi. Eigi er heimild í lögum til þess að veita útlendingum leyfi til atvinnurekstrar í landinu, nema að þeir séu þar heimilisfastir. Þar eð umræddur Friedrich Karl Lüder á ekki lögheimili hér á landi, ber brýna nauðsyn til þess, að heimild sé gefin í þessu sérstaka tilfelli, til þess að veita atvinnurekstrarleyfi, þó að atvinnurekandi sé ekki heimilisfastur hér á landi.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnar-skrárinnar, á þessa leið.

1. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að veita Friedrich Karl Lüder verkfræðing, Kiel, Þýzka-landi, leyfi til þess að reka atvinnu í Hafnarfirði, sem nauðsynleg er í sambandi við vinnslu hraunefnis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

LÖG

33

27. maí

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-þykki mínu:

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1960, 1961 og 1962. Enn fremur skal heimildin gilda um farþega- og vöruflutninga-flugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1960—1962. Öll önnur ákvæði framangreindra laga gilda einnig um þessar eignir.